



Erindisbréf stýrihóps um uppbyggingu á samfélagsmiðstöð Dalbraut 8, þ.e. Fjöliðja, Frístundamiðstöðin Þorpið og endurhæfingarmiðstöðin Hver

Markmið með stofnun stýrihópsins:

Er að halda utanum uppbyggingu samfélagsmiðstöðvar á Dalbraut 8 í samstarfi við framkvæmdaraðila. Dalbraut 8 mun hýsa Fjöliðjuna, frístundamiðstöðina Þorpið og endurhæfingarmiðstöðina Hver. Vinnuheiti verkefnisins er **Samfélagsmiðstöðin Dalbraut 8**.

Aðferðafræði:

Stefnt er að því að samfélagsmiðstöð rísi á 1.hæð á Dalbraut 8. Á efri hæðum verða íbúðir. Byggingaréttur á húsinu verður boðin út, með þeim hætti að rými á 1.hæð, sem Akraneskaupstaður fær verður ríflega fokhelt. Akraneskaupstaður mun fá til sín hönnuð til að fullhanna rýmið til útboðs. Með hönnuði mun starfa stýrihópur til að miðla þeim ólíku þörfum sem verða hjá notendum samfélagsmiðstöðvarinnar og öðrum hagsmunaaðilum.

Ábyrgðaraðili:

Bæjarráð.

Hlutverk og helstu verkefni:

Meginverkefni stýrihópsins verða eftirfarandi:

- *Vera í reglulegri samvinnu við hönnuð samfélagsmiðstöðvar.*
- *Funda með notendum samfélagsmiðstöðvar og öðrum hagsmunaaðilum.*
- *Að leggja fram tillögu um fullgerða hönnun og útboðsgögn fyrir Akraneskaupstað.*
- *Að leggja fram kostnaðaráætlun um heildarframkvæmd.*
- *Annað sem kann að skipta máli.*

Verklag:

Verkefnastjóri stýrihópsins sér um fundarboðun í samráði við formann, fundarritun og eftirfylgni mála. Stýrihópurinn skal funda eins oft og þörf krefur. Á fundum Stýrihópsins skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins. Fundargerðir skulu kynntar í viðkomandi ráðum þ.e. bæjarráði, skóla- og frístundaráði, velferðar- og mannréttindaráði, skipulags- og umhverfisráði og notendaráði.

Undir stýrihóp skal vera samráðshópur hagsmunaðila frá Fjöliðju, frístundamiðstöð Þorpið og endurhæfingarmiðstöðinni Hver. Verkefnastjóri stýrihóps skal jafnframt sjá um fundarboðun og utanumhald samráðshóps.

Laun vegna stýrihópsins greiðast samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um þóknanir fyrir nefndarstörf.

Ráðgjöf:

Stýrihópur getur kallað til þá starfsmenn sveitarfélagsins eða sérfræðinga sem hann telur nauðsynlegt hverju sinni. Verkefnastjóri stýrihóps og samráðshóps verður utanaðkomandi fagaðili.

Starfstími og skil.

Stýrihópurinn skal leggja fyrir tillögur á sameiginlegum fundi bæjarráðs, skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs ásamt öðrum hagsmunaðilum eigi síðar en **1. ágúst, 2022.**

Fulltrúar í stýrihópnum:

Bæjarráð skipar eftirtalda aðila í stýrihópinn:

- Utanaðkomandi verkefna/fagstjóra
- Tveir fulltrúar bæjarstjórnar (kjörnir bæjarfulltrúar) og annar þeirra gegnir formennsku.
- Fulltrúar frá viðkomandi fagsviðum þ.e. velferðar- og mannréttindasviði, skóla- og frístundasviði og skipulags- og umhverfissviði.

Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 10. febrúar 2022

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri